

Skipulagsnefnd Garðabæjar - 3 (19.3.2015)

Málsnúmer : 1401171
Málsaðili : Kópavogsbær
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 19.03.2015

Inngangur :

Niðurstaða : Lögð fram tillaga Kópavogsbæjar að breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla sem gerir ráð fyrir áhaldshúsi Kópavogsbæjar á Miðsvæði hesthúsabyggðarinnar. Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar þar sem fram kemur að ekki er talið tímabært að ráðstafa svo stórum hluta svæðis á miðsvæði Kjóavalla undir starfsemi sem ekki tengist hestamennsku. Skipulagsnefnd telur að tillagan sé í hróplegri andstöðu við megin markmið deiliskipulagsins sem var að stuðla að uppbygginu svæðisins sem væri í fremstu röð hesthúsabyggða á landinu. Auk þess telur skipulagsnefnd að allar breytingartillögur sem gerðar eru á deiliskipulaginu skulu unnar af deiliskipulagsráðgjafa eins og lagt var upp með við gerð deiliskipulagsins. Tillögunni er hafnað.